

Æskilegt er að hleðslubúnaður sé sjálfvirkur, sem skammtar hæfilegan hleðslustraum fyrir geymana og skal hann þá jafnframt einangra þá frá ljósneti skipsins.

En sé um handstýrðan hleðslubúnað að ræða, skal vera sérstakur rofi við talstöðina, sem gerir mögulegt að rjúfa hleðslustrauminn, og einangra rafgeymana frá ljósneti skipsins jafnframt því, að þeir eru tengdir við radiótækin.

Þar sem því verður við komið, skulu rafgeymarnir vera staðsettir ofanþilja, ella skal þannig frá þeim gengið, að ekki stafi af þeim hættu.

3. Skipið skal búið einu viðtæki að minnsta kosti. Heimilt er að það sé krystalstýrt eingöngu á jafnmörgum tíðnum og talstöðin, eftir reglum póst- og síma-málastjórnarinnar, þannig að viðtökutíðnir samsvari senditíðnum.
4. Flytjist skip milli landshluta getur orðið nauðsynlegt að skipta um sendi og viðtökutíðnir þeirra, svo möguleg verði viðskipti við þá strandstöð, sem bezt hentar hverju sinni. Annast radióverkstæði Landssímans eða menn í umboði þess, slíkar breytingar.
5. Skip í þessum flokki, sem eru 15 brl. og stærri, skulu að auki búin neyðartalstöð samkv. gr. 128.10.4. og einu viðtæki faststilltu á 2182 kr/s og skal það viðtæki gert fyrir þá tíðni eina.
6. Gerð skyldu-radiótækja, svo og gerð loftneta, jarðsambanda, hleðslubúnaðar og raflagna að slíkum tækjum, er háð samþykki og eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar.

5. gr.

Í 1., 2., 3. og 4. flokki bætist ný grein við samhljóða 7. gr. í 5. flokki og 6. gr. í 6. flokki.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

Að gefnu tilefni tilkynnist, með vísun til heimildar í 253. gr. Heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík, að sérstakt leyfi heilbrigðismálaráðs þarf til sölu á eftirtöldum vörum í nýlenduvöruverzlunum í Reykjavík:

Nýjum, frystum, söltuðum eða reyktum fiski, kjöti og kjötvörum, sem ekki eru niðursoðnar, mjólk, rjóma, skyri, salötum og öðrum neytluvörum, sem viðkvæmar eru að dómi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. maí 1971.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Sveinn Jónsson.